

76 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nefndar-frumvarp*
 16. maí. til landbúnaðarlaga. — Með tilliti til frumvarps þess til landbúnaðarlaga, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 22. nóvb. f. á., og sem nefnd sú, er sett var með allrahæztum úrskurði 4. nóvbr. 1870, hafði samið, skal til þóknanlegrar leiðbeiningar þjónustusamlega tjáð, að með því að boðað var, að sent mundi verða hingað minnihluta-frumvarp frá einum nefndarmanna, Jóni Pjeturssyni yfirjettardómara, varð að fresta frekari meðferð málsins og bíða eptir því. Þetta minnihluta-frumvarp barst nú síðan hingað með þóknanlegu brjefi yðar frá 18. marz þ. á., og sást þá, að það var sjálfstætt lagafrumvarp, í 250 greinum, og með tilheyrandi athugasendum; en það segir sig sjálft, að eigi hefir verið tími til að ihuga þetta umfangsmikla og mikilvæga mál í heild sinni svo ítarlega, að lagafrumvarp um það geti orðið lagt fyrir alþingi það, sem kemur saman í ár, enda eru og eigi líkindi til, að nokkur tími muni geta orðið afgangi frá hinum öðrum mörgu og mikilvægu lagafrumvörpum, er lögð munu verða fyrir alþingi, til rökilegrar meðferðar á þessu mikla lagasmíði.

Þar eð frumvarpi því með ástæðum, er komið hefir frá Jóni yfirdómara Pjeturssyni, ekki fylgdi dönsk þýðing, endursendist það, til þess að hún verði gjörð.

77 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um vörð gegn útbreiðslu*
 11. júní. fjárkláðans. — Með því að enn hefir eigi fengizt vissa fyrir dyggum framkvæmdum á böðunum þeim í Borgarfjarðarsýslu, sem fyrirskipuð eru í brjefi mínu frá 10. marz þ. á., og með því að hafa skal fjeð í heimagæzlu þangað til 6 vikur eru liðnar eptir baðið, eða fjeð hefir reynzt beilbrigt við skoðanir utanhreppsmanna, verður nauðsynlegt, þangað til búið er að eyða grun þeim, er liggur á fje þar í sýslu, með tjeðum ráðstöfunum, að setja vörð til að varna fjársamgöngum milli sýslu þessarar annars vegar, og vesturumdæmisins og norður- og austurumdæmisins hins vegar. Þenna vörð skal samkvæmt tillögum hlutadeigandi lögreglustjóra setja meðfram Deildargili og Hvítá.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður, þetta, til þóknanlegrar leiðbeiningar, mælist jeg til þess, að þjer sjáið um, að hinn setti lögreglustjóri setji áminnstan vörð sem fyrst, og hafi sterkt eptirlit á, að fyrirskipunum landshöfðingja í brjefi frá 10. marz þ. á. verði rökilega fram fylgt. Kostnaðinn við vörðinn ber að greiða af vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, samkvæmt reglum þeim, er ákveðnar eru í 5. gr. tilskip. 4. marz 1871, og býst jeg við, að þjer hlutizt til um, að sá hluti, er lendir á jafnaðarsjóði vesturamtsins, verði samþykktur af amtsráðinu með aukafjárveitingu, ef eigi verður álitíð, að hann felist í fje því, sem veitt er fyrir yfirstandandi ár «til lögreglumála o. fl.»

78 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýrslur viðvíkjandi*
 12. júní. vanhöldum á sauðfje. — Samkvæmt tillögum landlæknisins skal þjónustusamlega skorað á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir lögreglustjóra þá, er undir yður eru skipaðir, að safna í sumar skýrslum úr öllum hreppum í umdæmi yðar um vanhöld á sauðfje frá síðastliðnum veturóttum til fráfærna.